

EES-viðbætur

ISSN 1022-9337

við Stjórnartíðindi
Evrópusambandsins

Nr. 5

16. árgangur

29.1.2009

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	EES-ráðið	
	2.	Sameiginlega EES-nefndin	
2009/EES/5/01		Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 127/2008 frá 5. desember 2008 um breytingu á VII. viðauka (Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi) við EES-samninginn	1
2009/EES/5/02		Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 128/2008 frá 5. desember 2008 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn	3
2009/EES/5/03		Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 129/2008 frá 5. desember 2008 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn	4
2009/EES/5/04		Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 130/2008 frá 5. desember 2008 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn	6
2009/EES/5/05		Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 131/2008 frá 5. desember 2008 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn	8
	3.	Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
	4.	Ráðgjafarnefnd EES	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	III	EB-STOFNANIR	
	1.	Ráðið	
	2.	Framkvæmdastjórnin	
	3.	Dómstóllinn	

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 127/2008

2009/EES/5/01

frá 5. desember 2008

um breytingu á VII. viðauka (Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) VII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 50/2008 frá 25. apríl 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 755/2008 frá 31. júlí 2008 um breytingu á II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB um viðurkenningu á faglegrí menntun og hæfi ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB) í VII. viðauka við samninginn:

„– **32008 R 0755**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 755/2008 frá 31. júlí 2008 (Stjtið. ESB L 205, 1.8.2008, bls. 10).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 755/2008, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. desember 2008, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*), eða gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 142/2007 frá 26. október 2007, hvort sem ber upp síðar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 223, 21.8.2008, bls. 47, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 52, 21.8.2008, bls. 20.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 205, 1.8.2008, bls. 10.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. desember 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nikulás prins af Liechtenstein

formaður.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 128/2008

2009/EES/5/02

frá 5. desember 2008

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 119/2008 frá 7. nóvember 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/65/EB frá 27. júní 2008 um breytingu á tilskipun 91/439/EBE um ökuskírteini ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 24a (tilskipun ráðsins 91/439/EBE) í XIII. viðauka við samninginn:

„– **32008 L 0065**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/65/EB frá 27. júní 2008 (Stjtið. ESB L 168, 28.6.2008, bls. 36).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2008/65/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. desember 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. desember 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nikulás prins af Liechtenstein

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 339, 18.12.2008, bls. 110, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 79, 18.12.2008, bls. 19.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 168, 28.6.2008, bls. 36.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 129/2008

2009/EES/5/03

frá 5. desember 2008

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 119/2008 frá 7. nóvember 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/217/EB frá 20. desember 2007 um tækniforskrift um rekstrarsamhæfi að því er varðar undirkerfið „grunnvirki“ í samevrópska háhraðajárnbrautakerfinu ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/231/EB frá 1. febrúar 2008 um tækniforskrift um rekstrarsamhæfi að því er varðar rekstrarundirkerfi samevrópska háhraðajárnbrautakerfisins sem var samþykkt skv. 1. mgr. 6. gr. tilskipunar ráðsins 96/48/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/734/EB frá 30. maí 2002 ⁽³⁾.
- 4) Samkvæmt ákvæðum ákvörðunar 2008/217/EB fellur úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/732/EB ⁽⁴⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.
- 5) Samkvæmt ákvæðum ákvörðunar 2008/231/EB fellur úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/734/EB ⁽⁵⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

XIII. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Liður 37ac (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/732/EB) hljóði svo:
„**32008 D 0217:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/217/EB frá 20. desember 2007 um tækniforskrift um rekstrarsamhæfi að því er varðar undirkerfið „grunnvirki“ í samevrópska háhraðajárnbrautakerfinu (Stjtið. ESB L 77, 19.3.2008, bls. 1).“
2. Liður 37ae (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/734/EB) hljóði svo:
„**32008 D 0231:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/231/EB frá 1. febrúar 2008 um tækniforskrift um rekstrarsamhæfi að því er varðar rekstrarundirkerfi samevrópska háhraðajárnbrautakerfisins sem var samþykkt skv. 1. mgr. 6. gr. tilskipunar ráðsins 96/48/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/734/EB frá 30. maí 2002 (Stjtið. ESB L 84, 26.3.2008, bls. 1).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 339, 18.12.2008, bls. 110, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 79, 18.12.2008, bls. 19.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 77, 19.3.2008, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 84, 26.3.2008, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 245, 12.9.2002, bls. 143.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 245, 12.9.2002, bls. 370.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvarðana 2008/217/EB og 2008/231/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. desember 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. desember 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nikulás prins af Liechtenstein

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 130/2008

2009/EES/5/04

frá 5. desember 2008

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 126/2008 frá 7. nóvember 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð ráðsins (EB) nr. 362/2008 frá 14. apríl 2008 um framkvæmd á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (ESB-SILC) að því er varðar skrá ársins 2009 um aukamarkbreytur um skort á efnislegum gæðum ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 365/2008 frá 23. apríl 2008 um samþykkt áætlunar um sérstakar einingar fyrir árin 2010, 2011 og 2012 fyrir vinnumarkaðskönnunina sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 377/2008 frá 25. apríl 2008 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 577/98 um skipulag vinnumarkaðskönnunar í Bandalaginu að því er varðar kerfisskráningu fyrir gagnaflutninga frá og með árinu 2009, notkun hlutauktaks við öflun gagna um kerfislægar breytur og skilgreiningu á viðmiðunarfjórðungum ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 391/2008 frá 30. apríl 2008 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 102/2007 um samþykkt forskriftar um sérstaka einingu um aðstæður innflytjenda og nánustu afkomenda þeirra á vinnumarkaðnum fyrir árið 2008 ⁽⁵⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

XXI. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 18w (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 452/2008):
„18x. **32008 R 0362**: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 362/2008 frá 14. apríl 2008 um framkvæmd á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (ESB-SILC) að því er varðar skrá ársins 2009 um aukamarkbreytur um skort á efnislegum gæðum (Stjtið. ESB L 112, 24.4.2008, bls. 1).“
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 18a1 (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 207/2008):
„18am. **32008 R 0365**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 365/2008 frá 23. apríl 2008 um samþykkt áætlunar um sérstakar einingar fyrir árin 2010, 2011 og 2012 fyrir vinnumarkaðskönnunina sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 (Stjtið. ESB L 112, 24.4.2008, bls. 22).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 339, 18.12.2008, bls. 119, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 79, 18.12.2008, bls. 28.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 112, 24.4.2008, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 112, 24.4.2008, bls. 22.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 114, 26.4.2008, bls. 57.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 117, 1.5.2008, bls. 15.

- 18an. **32008 R 0377**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 377/2008 frá 25. apríl 2008 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 577/98 um skipulag vinnumarkaðskönnunar í Bandalaginu að því er varðar kerfisskráningu fyrir gagnaflutninga frá og með árinu 2009, notkun hlutaúrtaks við öflun gagna um kerfislægar breytur og skilgreiningu á viðmiðunar- fjórðungum (Stjtið. ESB L 114, 26.4.2008, bls. 57).“
3. Eftirfarandi bætist við í lið 18ak (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 102/2007):
- „eins og henni var breytt með:
- **32008 R 0391**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 391/2008 frá 30. apríl 2008 (Stjtið. ESB L 117, 1.5.2008, bls. 15).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 362/2008, 365/2008, 377/2008 og 391/2008, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. desember 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. desember 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nikulás prins af Liechtenstein

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 131/2008****2009/EES/5/05****frá 5. desember 2008****um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 126/2008 frá 7. nóvember 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 747/2008 frá 30. júlí 2008 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 716/2007 um hagskýrslur Bandalagsins um skipulag og starfsemi erlendra hlutdeildarfélaganna að því er varðar skilgreiningar á könnunaratriðum og framkvæmd atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna, 2. endursk. ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 19x (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 716/2007) í XXI. viðauka við samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32008 R 0747**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 747/2008 frá 30. júlí 2008 (Stjtið. ESB L 202, 31.7.2008, bls. 20).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 747/2008, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. desember 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. desember 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nikulás prins af Liechtenstein

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 339, 18.12.2008, bls. 119, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 79, 18.12.2008, bls. 28.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 202, 31.7.2008, bls. 20.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.